

Árnessýsla.

Þingvallahreppur.

Arnarfell.

**1. Hvernig er Langitangi? Gróinn? Hefur gróðurfar breytt
þar á liðnum árum? En annars staðar í landareigninni?**

Á árum áður var of margt fé í landinu, innan girðingar,
en hefur náð sér á seinni árum.

2. Er vatn í Langatangagjá? Já. Eru þær djúpar?

3. Er vitað um tilefni nafnsins Sauðasteinar? 2 kletta- (Klofhóll¹)
hólar sem gáfu skjól í veðrum. **Eru þeir háir?** Nei.

**4. Er Klifið erfið leið niður í Sláttulág? Var önnur
leið þangað?** Eftir að vegur fyrir ökutæki var gerður er all
gott að komast í Sláttulág.

**5. Hvernig er gróðurfar í Arnarfellshólma? Hefur hólminn
spillst af ágangi vatnsins?** Á árunum 1930-40 var
reyniviðarplanta sett í hólmann og lifir enn, 1984.
Svo er þar hvönn og mosi.

6. Er vitað um tilefni nafnanna Hrútaklettur? Hrútur mun
hafa hrapað en fannst þó seinna lifandi.

Syðri-/Innri-Sandskörð? Norðan í fjallinu, sandfjara.

Hallsstígur? Sunnan í fjallinu áningarstaður.

Lögmansbrekka? Upp af klöppinni í fjallinu eru fyrirbæri
sem heita bekkir.

Kirkjuklökkur? Gæti verið í sambandi við það, þar er
álfabyggð.

1 „(Klofhóll)“ ritaður eftir á með þenna. Innskot með þenna eru hér eftir skáletruð.

7. Rennur vatn í eða úr Stapatjörn? Nei.

Hvernig er hún? Nokkuð djúp.

Er líf í henni? Er með smásilung.

8. Er vitað til þess, að örn hafi verpt í Arnarsetri?

Fram yfir síðustu aldamót.

Hvernig er Einbúi? Hár? C.a. 20 m.

9. Er vitað, hvenær síðast var haft í seli í Fornaseli
(frá Þingvöllum)? Nei.

Er vitað, hvenær síðast var fært frá í Arnarfelli? 1916.

Hvenær var búskap hætt þar? 1952.

10. Við hvaða kamb er Kamsvarða kennd? Suðvestan við túnið
á Gjábakka. Kambur eru hraunhólar suðvestan við túnið á Gjábakka.

11. Koma fram í lýsingunni öll örnefni, sem þekkt eru í
landareigninni? Eru öll örnefnin, sem skráð eru, innan
landareignarinnar?

Jóna Kristjánsdóttir veitti góðfúslega ljósrit af þessari skrá, ásamt öðrum örnefnaskráum sem Kristján Jóhannsson ritaði milli 1982-1984. Halldór Pétur Þrastarson hafði þar milligöngu. Gunnar Grímsson, landvörður í Þjóðgarðinum á Þingvöllum, færði í tölvutækt form í nóvember 2024. Uppsetning er höfð nákvæmlega eins og frumritið sem og stafsetning örnefna. Einstaka innsláttarvillur eru leiðréttar og spurningar eru feitletraðar.